

Ed. 460. Tillaga til þingsályktunar [280. mál]

um rétt skil afurðasölufyrirtækja til bænda.

Flm.: Eyjólfur Konráð Jónsson, Eiður Guðnason,
Stefán Benediktsson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að afurðasölu- og verslunarfyrirtæki, sem ekki hafa á undanförunum árum staðið bændum full skil á grundvallarverði afurða, geri það nú þegar, ásamt vöxtum og verðbótum. Verði tregða á skilum hjá einhverju afurðasölufyrirtækjanna verði þeim bændum, sem sækja vilja rétt sinn fyrir dómstólum, veitt gjafsókn.

Greinargerð.

Eins og alkunna er hafa stór afurðasölufyrirtæki ekki staðið bændum skil að fullu á grundvallarverði og haldið fjármunum þeirra í rekstri sínum lengri eða skemmri tíma.

Bændum jafnt sem öðrum reynist þó erfitt að fá ábyggilegar upplýsingar um rétt sinn hjá leyndarráði landbúnaðarkerfisins, en þingnefnd sú, sem tillögu þessa fær til umfjöllunar, mun að sjálfsögðu ganga eftir upplýsingum og undanbragðalausum svörum.

Bændur ber að aðstoða við að ná rétti sínum og að því hnígur tillaga þessi.